

---

## Hótel í landi Orustustaða, Skaftárhreppi

### Ákvörðun um matsskyldu

---

#### Inngangur

Þann 3. desember 2015 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Landmótun sf. f.h. Stracta ehf um fyrirhugað hótel í landi Orustustaða í Skaftárhreppi samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og lið 12.05 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Skaftárhrepps, Ferðamálastofu, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

Ráðgjafi Stracta ehf er Landmótun sf.

#### Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Hótel í landi Orustustaða, Skaftárhreppi. 6.10.2015.

Umsagnir bárust frá:

- Skaftárhreppi með bréfi dags. 18. desember 2015.
- Ferðamálastofu með bréfi dags. 11. janúar 2016.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 14. desember 2015.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 21. desember 2015.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 17. desember 2015.
- Vegagerðinni með bréfi dags. 15. desember 2015.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 14., 21., 27. og 28. janúar 2016.

#### Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhugað er að reisa nýtt hótel á jörðinni Orustustöðum í Skaftárhreppi, með 200 gistirýmum sem mun geta hýst 400 gesti í senn.

**Framkvæmdasvæði.** Lóðin fyrir byggingarreit hótelsins er 13,6 ha að stærð í landi Orustustaða á milli tveggja lækja sem renna undan Eystra Eldhrauni, Lambhúsálækjar og Orustustaðalækjar.

**Byggingar.** Áformað er að byggja í einum áfanga 200 gistirými fyrir hótel með hótelmóttöku og veitingaaðstöðu. Um er að ræða byggingar á 1-2 hæðum, samtals allt að 7.000 m<sup>2</sup>. Ætlunin er að hótelið myndi eina heild, samsetta úr nokkrum húsagerðum sem geti tengst saman. Nákvæm staðsetning húsa innan byggingarreitsins verður skilgreind á byggingarnefndarteikningu. Jafnframt er gert ráð fyrir starfsmannahúsum á svæðinu.

Á byggingareit hótelsins er gert ráð fyrir eftirfarandi byggingum:

- Húsagerð 1. Hótelmóttaka og veitingaaðstaða. Steypt tveggja hæða bygging samtals 1.210 m<sup>2</sup> að stærð með lágt ris. Mænishæð allt að 10,5 m.
- Húsagerð 2. Hótelíbúðir. Á einni hæð, samtals um 6 byggingar með tveimur herbergjum hver, um 100 m<sup>2</sup> að stærð. Timburhús áklædd úr náttúrulegum litum með lágt ris. Mænishæð allt að 4,5 m.



- Húsagerð 3. Hótelherbergi. Á einni hæð samtals 8 byggingar með 12 herbergjum hver um 175 m<sup>2</sup> að stærð. Timburhús áklædd úr náttúrulegum litum með lágt ris. Mænishæð allt að 4,5 m.
- Húsagerð 4. Hótelherbergi. Á einni hæð samtals 3 byggingar með 20, 28 og 44 herbergjum, hver um 700 m<sup>2</sup> að stærð. Timburhús áklædd úr náttúrulegum litum með lágt ris. Mænishæð allt að 4,5 m.
- Húsagerð 5. Baðhús. Á einni hæð, samtals 63 m<sup>2</sup> að stærð. Timburhús áklædd úr náttúrulegum litum með lágt ris. Mænishæð allt að 4,2 m.
- Húsagerð 6. Handverkshús. Á einni hæð, samtals 300 m<sup>2</sup>. Gert er ráð fyrir 3-4 handverkshúsum hverju um 60 m<sup>2</sup>. Hús fyrir handverk og heimilisiðnað. Mænishæð allt að 4,5 m.

Á öðrum byggingarreit er gert ráð fyrir starfsmannahúsum.

- Gert er ráð fyrir allt að þremur byggingum á einni hæð, með samtals 15 íbúðum, sem hver er um 50 m<sup>2</sup>. Heildarbyggingarmagn er 750 m<sup>2</sup>. Mænishæð verður allt að 5,0 m.

Fram kemur að reiknað sé með um 115 bílastæðum innan hótellóðar, sem verði vestan við byggingarnar auk þriggja rútustæða við aðkomuna. Gert sé ráð fyrir 15 bílastæðum við starfsmannahús. Bílastæði og afgreiðsluþlön verði með malbikuðu eða steypu yfirborði og niðurföllum tengdum við olúskilju. Leyfilegt sé að fjölga bílastæðum ef þörf krefur í allt að 1 bílastæði á hverja 50 m<sup>2</sup> húsnæðis.

**Vegtengingar.** Í greinargerðinni kemur fram að aðkoma að hótelinu verði frá Þjóðvegi 1 eftir núverandi vegi sem liggur að Hraunbóli. Þar sem Orustustaðir hafi ekki verið í byggð síðan um 1950 liggja enginn vegur að jörðinni, aðeins slóðar. Því sé gert ráð fyrir nýjum 1,7 km vegkafla sem liggja af núverandi vegi rétt vestan við Hraunból. Veglínan verði rúmlega 500 m sunnan við bæjarstæðið á Hraunbóli til þess að umferð trufli sem minnst þá sem dvelja þar og skerði sem minnst frekari möguleika á ræktun þar. Vegurinn mun liggja meðfram skógræktarsvæði og að hótellóðinni sem er í um 300 m frá hraunjaðri og búsetuminjum á Orustustöðum. Vegurinn verður 7 m breiður og lagður þannig að lindarvatn renni undir hann og í gegnum vejræsi þannig að ekki myndist fyrirstæða. Ræsi verða sett í veginn við alla læki svo vatn renni áfram til suðurs og sé reiknað með 13 ræsum.

**Efnistaka.** Fram kemur að gert sé ráð fyrir nýju efnistökusvæði sem notað verði í uppbyggingu á aðkomuvegi og framkvæmdum að Orustustöðum. Náman hafi verið skilgreind í breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps. Efnistökusvæðið sé á öröskuðu landi og verði um 5.000 m<sup>2</sup>. Gert sé ráð fyrir að teknir verði um 5.000 m<sup>3</sup> úr námunni. Að framkvæmdum loknum verður námunni lokað og við frágang hennar verða búnar til tjarnir fyrir fugla þar sem efni var tekið. Frágangurinn verði í samræmi við umhverfi hennar. Gengið verði frá námunni um leið og efnistöku úr henni vegna framkvæmda við veg og hótél er lokið.

## Umhverfisáhrif

### Ásýnd og landslag

Í greinargerð framkvæmdaraðila er fjallað um sjónræn áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á Orustustöðum. Þar kemur fram að sjónræn áhrif af byggingum og bílastæðum verði nokkur þar sem engar byggingar séu í nágrenninu. Ekki verði hjá því komist að þær skeri sig úr þegar komið er að hótelinu. Byggingarnar eiga þó ekki að standa upp fyrir hraunið og verði því ekki sýnilegar frá norðri, þannig að þær muni ekki sjást frá Þjóðvegi 1. Skógræktarsvæði vestast á jörðinni dragi verulega úr sýnileika bygginganna frá vestri sem séu því ekki sýnilegar frá þeim sem búa og dvelja vestan við Orustustaði. Byggingareiturinn sé staðsettur þannig að austanfrá verði byggingarnar ekki sýnilegar frá þeim bústöðum sem séu við hraunjaðarinn, en aukin ljósmengun verði frá því sem er



í dag. Ljós verða líka sýnileg frá byggð í Landbroti sem sé suðvestan við framkvæmdasvæðið. Til þess að takmarka ljósmengun sé lagt upp með að ljós verði skermuð og beinist niður.

Ferðamálastofa bendir á að þar sem hótelið verði staðsett við fjölfarna ferðamannaleið muni það án efa verða vinsæll áfangastaður og því mikilvægur hluti upplifunar ferðamanna á landinu. Því sé mikilvægt að vandað verði til uppbyggingarinnar og gerðar verði ítarlegar kröfur um hönnun og undirbúning framkvæmdarinnar svo upplifun ferðamanna verði jákvæð. Erfitt sé að átta sig á endanlegu yfirbragði fyrirhugaðs hótels og hvort það verði til samræmis við skýringarmynd deiliskipulagstillögunnar.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að við byggingu Stracta hótelsins á Hellu, sem ætlunin er að hafa sem fyrirmynd að Orustustöðum, hafi verið hugað að því að koma til móts við ólíka hópa sem gera ólíkar kröfur. Með því að koma herbergjum fyrir í mörgum húsum á einni hæð hafi verið mögulegt að gera þetta á einfaldan hátt með sameiginlegu þjónusturými. Í garði á milli húsanna séu gufuböð og heitir pottar. Utan og innanhúss hafi verið tekið tillit til umhverfis og staðsetningar hótelsins. Jarðlitir hafi verið notaðir hvar sem því var viðkomið og vandað mjög til efnisvals bæði innan og utanhúss.

### **Vatnsbúskapur, gróður og fuglar**

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að á hótellóðinni sé land gróið, uppgrónir aurar þar sem stutt er niður á sand. Yfir sandinum sé móajarðvegur um 10 cm þykkur á malarbornum eða grýttum grunni. Frá veglínunni séu tæpir 10 km í norðurmörk þess svæðis sem sé mikilvægast m.t.t. fuglalífs.

Umhverfisstofnun bendir á í umsögn sinni að mjög mikilvægt sé að í framkvæmdaleyfi verði sett skilyrði um að framkvæmdum verði hagað á þann hátt að þeir lækir sem í dag renna óhindraðir fram geri það áfram eftir veglagningu. Umfangsmikið fuglasvæði sé suður af áætluðu framkvæmdasvæði. Þar verpi sjaldgæfar fuglategundir m.a. þórshani. Mikilvægt sé að vatnsbúskapur svæðisins verði ekki fyrir umhverfisáhrifum áætlaðra framkvæmda. Umhverfisstofnun telur upplýsingar um viðkomandi námu ekki nægilega lýsandi.

Í svörum framkvæmdaraðila er tekið undir að mikilvægt sé að vatnsbúskapur svæðisins verði ekki fyrir neikvæðum umhverfisáhrifum. Þess vegna hafi verið ákveðið að vegurinn verði lagður þannig að lindarvatn renni undir hann og í gegnum vegræsi þannig að ekki myndist fyrirstaða. Ræsi verði sett í veginn við alla læki svo vatn renni áfram til suðurs. Efni úr námunni sé eingöngu ætlað til uppbyggingar á framkvæmdasvæðinu og verði gengið frá henni þegar framkvæmdum ljúki. Gróðurlendi á efnistökusvæðinu sé mosagróður, grunnvatnsstaða sé nokkuð há og megi því gera ráð fyrir að það gæti safnast vatn í námunni. Þess utan verði skólp frá hótelinu tengt rotþró og bílastæði og afgreiðsluþlön verða með vökvaheldu yfirborði og niðurföllum sem tengjast olíuskilju.

### **Meningarminjar**

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að í vettvangskönnun hafi sex minjar verið skráðar á tveimur stöðum. Allar séu þær taldar hafa talsvert minja- og varðveislugildi og taldar vera yngri en frá 1822 en það ár voru Orustustaðir byggðir. Rústirnir séu einkar vel farnar og svolítið sérstakar. Fimm þessara minja séu í Fjárhústanga sem liggja nærri fyrirhuguðum aðkomuvegi. Þessar minjar séu ekki í hættu þar sem þær séu upp á hraunbrúninni, standi töluvert hærra en landið sem aðkomuvegurinn liggja um og séu í 40 m fjárlægð frá miðlínu aðkomuvegar. Við fornleifaskráningu hafi einnig fundist gamall upphlaðinn vegur sem sé líklega yngri en 100 ára, hann sé í mestri hættu af minjunum þar sem hann sé nálægt nýju vegstæði, eða um 20 m fjárlægð. Við hönnun aðkomuvegarins verði lögð áhersla á að koma í veg fyrir að raska þessum gamla vegi. Lögð verði áhersla á að fornleifum verði ekki raskað en helst er það þessi forni vegur sem sé í hættu.

Minjastofnun Íslands bendir á að við fornleifaskráningu hafi fimm fornleifar hafi verið skráðar á framkvæmdasvæðinu. Fjórar þeirra, fjárhúsrústir (38:1-4), séu í einni þyrpingu um 40 m frá miðlínu



fyrirhugaðs aðkomuvegar. Í skýrslu framkvæmdaraðila segi að rústirnar séu uppi á hraunbrún og standi því töluvert hærra en landið sem aðkomuvegurinn liggja um. Minjastofnun telur að gera þurfi verktökum grein fyrir staðsetningu rústanna til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá. Fimmtu minjarnar séu vegur (39:1). Ekki sé víst að vegurinn sé 100 ára gamall og teljist þar með til fornleifa. Í fornleifaskráningaskýrslu segi að vegurinn sé fallegur og eigi að fá að njóta þess. Framkvæmdaraðili leggi áherslu á að raska ekki þessum gamla vegi. Mælt sé með að aðkomuvegurinn beygi suður fyrir allar fornleifarnar rétt áður en komið sé að Fjánhústanga, a.m.k. 15 m suður af gamla þjóðveginum. Minjastofnun telur nauðsynlegt að gamli vegurinn verði merktur svo að framkvæmdir við aðkomuvegin verði ekki til þess að sá gamli raskist af vangá. Jafnframt þurfi að staðsetja vinnubúðir og efnisgeymslur þannig að fornleifum stafi ekki hætta af þeim.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að fjárhúsrústirnar hefi verið skráðar og þær hnitsettar, staðsetning þeirra sé einnig sýnd á uppdrætti. Framkvæmdaraðili muni sjá um að koma þeim upplýsingum til verktaka og þeim gerð grein fyrir staðsetningu þeirra á hraunbrúninni. Jafnframt muni framkvæmdaraðili merkja gamlan veg (minjar 39:1) til að koma í veg fyrir rask á honum, en gamli vegurinn muni verða í um 15 m fjarlægð frá nýjum vegi. Ennfremur muni framkvæmdaraðili gæta þess að vinnubúðir og efnisgeymslur verði staðsettar þannig að fornleifum stafi ekki hætta af enda sé það hagur framkvæmdaraðila að varðveita vel þær minjar sem eru á svæðinu.

Fram kemur í umsögnum Skaftárhrepps, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands og Vegagerðarinnar það álit að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif eða ekki matsskyld.

Í umsögn Ferðamálastofnu og Umhverfisstofnunar er ekki tekin afstaða til matsskyldu framkvæmdarinnar.

### **Skipulag og leyfisveitingar**

Skipulagsstofnun er kunnugt um að þegar breytingar voru gerðar á Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2012-2020 vegna áforma um hótél á Orustustöðum og einnig við kynningu á deiliskipulagi hótelsins voru gerðar athugasemdir við aðkomu að framkvæmdasvæðinu. Þar á meðal þeirri leið sem varð fyrir valinu. Miðað við fyrirliggjandi upplýsingar liggja enn sem komið er ekki heimildir eða samþykki til þess að hægt sé að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir veglagningunni. Komi til þess velja þurfi aðra aðkomuleið heldur en þá sem hér er til umfjöllunar ber að tilkynna að nýju til Skipulagsstofnunar um breytingar á framkvæmdinni. Slík breyting á framkvæmdum fellur undir tölulið 13.02 í 1. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum og er því tilkynningaskyld.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi Skaftárhrepps skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012 og skv. lögum um mannvirki nr. 160/2010, sbr. reglugerð um byggingarleyfi nr. 112/2012. Einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skv. lögum nr. 7 /1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

### **Niðurstaða Skipulagsstofnunar**

Um er að ræða nýtt hótél fyrir allt að 400 gesti í landi Orustustaða í Skaftárhreppi og nýjan 1,7 km langan aðkomuveg frá afleggjara að Hraunbóli að fyrirhuguðu hóteli. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 12.05 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Við ákvörðun um það hvort framkvæmd sem er tilkynningarskyld samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 skuli háð umhverfismati skal Skipulagsstofnun taka mið af viðmiðum sem tilgreind eru í 2. viðauka laganna. Hér að neðan er tekin saman niðurstaða stofnunarinnar um fyrirhugað hótél í



landi Orustustaða í Skaftárhreppi, ásamt tengdum framkvæmdum, byggt á framlögðum gögnum framkvæmdaraðila og framkomnum umsögnum.

**Eðli framkvæmdar.** Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal m.a. taka mið af eðli og umfangi framkvæmda, samlegð með öðrum framkvæmdum, úrgangsmyndun, mengun og ónæði, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Umfang fyrirhugaðs hótels felur í sér umfangsmiklar framkvæmdir á svæði þar sem engin mannvirki eru fyrir. Uppbyggingin felur í sér verulega breytta ásjón á svæðinu, sem gætir fyrst og fremst þegar komið er að hótelinu.

Í umsögn Ferðamálastofu er áréttað mikilvægi þess að við uppbyggingu stórra áningarstaða í ferðaþjónustu sé vandað til skipulags húsa á byggingarreit og gera verði ítarlegar kröfur til hönnunar strax á undirbúningsstigi, til að byggja undir jákvæða upplifun ferðamanna. Skipulagsstofnun tekur undir þá áréttingu Ferðamálastofu um mikilvægi þess að hótelið sé hannað með hliðsjón af staðsetningu þess á óbyggðu svæði í dreifbýli.

Í gögnum framkvæmdaraðila og svörum hans við umsögn Ferðamálastofu má ráða að hótelið verði byggt upp eins og hótél Stracta á Hellu. Skipulagsstofnun bendir á að umhverfi og skipulagsforsendur hótelsins á Hellu eru aðrar en hótelsins á Orustustöðum, þar sem hótelið á Hellu er staðsett á afmarkaðri lóð í þéttbýli, við þjóðveg. Hótelbyggingarnar á Orustustöðum munu standa einar og sér á flatlendi og er eðlilegt að byggðamynstrið taki mið af því og að nýttir séu betur kostir hins sérstaka umhverfis svo sem með því að huga að útsýni frá hótélherbergjum. Þá þarf að athuga vindáttir og álag til þess að hægt sé að móta skjólgóð útirými.

Hvað varðar ónæði þá telur Skipulagsstofnun að umferð um aðkomuveg neðan Hraunbóls muni augljóslega valda breytingum frá núverandi ástandi, þar sem aukin umferð mun fara um nágrenni bæjarins þegar hótelið verður komið í rekstur.

Hvað varðar mengun og úrgangsmyndun frá starfsemi þá telur Skipulagsstofnun að með hliðsjón af gögnum framkvæmdaraðila og umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands hafi komið fram að fráveitu- og sorpmál starfseminnar verði með fullnægjandi hætti.

**Staðsetning framkvæmdar.** Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal einnig taka mið af staðsetningu framkvæmdar, þ.e hversu viðkvæm þau eru t.d með tilliti til sérstæðra náttúruminja, verndarsvæða, nálægð við fornminjar, landslagsheilda og hvernig hún fellur að skipulagi sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Fyrirhugað hótél í landi Orustustaða er skammt frá Eldhrauni sem rann í Skaftáreldum 1783-1784 og nýtur það verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd. Sama grein laganna gildir um votlendið sem er um 10 km suður af framkvæmdasvæðinu. Framkvæmdin og aðkomuvegur munu ekki valda beinum áhrifum á þessi svæði og telur Skipulagsstofnun að framkvæmdirnar eigi ekki að hafa í för með sér óbein áhrif á þau. Engu að síður kann að reyna á það þegar hótelið er komið í rekstur að umferð hótélgesta beinist að einhverju leyti að þessum svæðum. Áhrif framkvæmdanna á þessa þætti eru því óveruleg. Skipulagsstofnun telur brýnt að rekstraraðilar hótelsins sjái til þess að starfsemi þeirra verði ekki til þess að rýra verndargildi hraunsins og votlendisins með umferð ferðafólks. Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að vegtenging að hótelinu komi ekki til með að hafa neikvæð áhrif á rennsli undan hrauninu að votlendinu sunnan framkvæmdasvæðisins, með því að haga framkvæmdum líkt og framkvæmdaraðili hefur boðað.

Skipulagsstofnun tekur undir með Minjastofnun Íslands og telur brýnt að verktakar verði upplýstir um fornleifar á Fjárhústanga og jafnframt að gamli hlaðni vegurinn verði merktur svo að hann verði síður fyrir raski. Gangi það eftir eru hverfandi líkur til að framkvæmdin hafi áhrif á fyrrgreindar minjar.



Skiptingastofnun bendir enn fremur á að starfsemin verður mjög nærri því vatnsverndarsvæði sem ætlað er að sjá starfseminni fyrir neysluvatni. Þó svo að landhalli sé frá vatnsverndarsvæðinu að framkvæmdasvæðinu þá er hallinn lítil og því afar brýnt að frágangur mannvirkja og umgengni við vatnsverndarsvæðið sé þannig að ekki sé hin minnsta hættu á því að mengun berist í neysluvatn. Skiptingastofnun telur afar brýnt að við endanlega hönnun vatnsbólts og hótels verði þessa gætt.

### Niðurstaða

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skiptingastofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Stracta ehf. við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skiptingastofnunar að fyrirhugað hótél í landi Orustustaða og aðkomuvegur að því séu ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skiptingastofnun bendir á nauðsyn þess að Stracta ehf. fylgi í hvívetna ábendingum Minjastofnunar Íslands um framkvæmdir og umgengni við þekktar minjar og staðsetningu vinnubúða og efnisgeymsla, líkt og framkvæmdaraðili hyggst gera. Skiptingastofnun telur það nauðsynlega forsendu fyrir því að votlendi sunnan framkvæmdasvæðisins spillist ekki að aðkomuvegur hamli ekki vatnsrennsli og að fráveita frá starfseminni verði um rotþró og olíuskilju eins og fyrirhugað er.

Komi til þess að breyta þarf út frá þeirri aðkomuleið að hótelinu sem Stracta ehf. áformar, þá ber framkvæmdaraðila að tilkynna að nýju til Skiptingastofnunar um þær breytingar. Það sama á við ef aðrar breytingar verða á framkvæmdaáformum. Slíkar breytingar á framkvæmdum falla undir tölulíð 13.02 í 1. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum og er því tilkynningaskyldar.

Skiptingastofnun ítrekar mikilvægi þess að Stracta ehf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á áðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 11. mars 2016.

Reykjavík, 9. febrúar 2016.

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson